

Nr. 331

5. apríl 2007

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsþær á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

*Kópavogsbraut 77. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 13. júlí 2006 tillögu að deiliskipulagi við Kópavogsbraut 77 ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 29. maí 2006.

Í tillögunni felst að í stað númerandi íbúðarhúss sem er gamalt einlyft einbýli, komi fjögurra íbúða hús á tveimur hæðum auk kjallara og tveggja bílskúra. Samanlagður gólfþlötur hússins er áætlaður liðlega  $700\text{ m}^2$  og nýtingarhlutfall lóðar er áætlað um 0,8. Hámarkshæð hússins er fyrirhuguð 6,2 metrar miðað við aðkomuhæð. Tvö bílastæði verða fyrir hverja íbúð innan lóðar. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500/1:200 ásamt skýringarmynd og greinargerð dags. 16. maí 2006.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogsbærar 26. september 2006 var skipulagsstjóra falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 3. október 2006 til 31. október 2006 með athugasemdafresti til þriðjudagsins 14. nóvember 2006. Athugasemd barst frá lóðarhöfum Kópavogsbrautar 74.

Bæjarskipulagi Kópavogsbærar var falið að taka saman umsögn varðandi innsenda athugasemd. Á fundi skipulagsnefndar 6. mars var lagt fram bréf frá þeim sem gerðu athugasemd við auglýsta tillögu. Í bréfinu kemur fram að athugasemdin er dregin til baka og erindið er samþykkt ásamt umsögn bæjarskipulags dag. 31. janúar 2007 og tillögunni vísað til afgreiðslu bæjarráðs. Á fundi bæjarráðs 8. mars 2007 og er erindið ásamt ofangreindri umsögn samþykkt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 5. apríl 2007.*

**Smári Smárason** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2007